

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 — 1970

4. apríl 1970.

243

Nr. 20.

L Ö G

um hækkun á bótum almannatrygginga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá 1. apríl 1970 skulu árlegar fjölskyldubætur samkvæmt 15. gr. laga nr. 40/1963 vera sem hér segir:

Með fyrsta barni í fjölskyldu kr. 4 356.00

Með hverju barni umfram eitt í fjölskyldu — 5 532.00

Frá 1. janúar 1970 skal fæðingarstyrkur samkvæmt 18. gr. laga nr. 40/1963 vera kr. 11 600.00 við hverja fæðingu. Frá sama tíma skulu aðrar bætur samkvæmt lögum þessum en fjölskyldubætur og fæðingarstyrkur, eftir því sem við getur átt, hækka um 5.2% frá því, sem þær voru á árinu 1969.

Allar bótafjárhæðir, sem tilgreindar eru í almannatryggingalögum og gilda eiga samkvæmt 2. málsg. þessarar greinar frá 1. janúar 1970, skulu reiknaðar í heilum krónum, og enn fremur skulu allar mánaðarlegar greiðslur reiknaðar í heilum krónum. Skal hálf króna eða stærra brot hækka í heila krónu, en minna brot falla niður.

2. gr.

Hækkun mánaðarlegra bóta samkvæmt 1. gr. fyrir fyrsta ársfjórðung 1970 skal greidd með bótum aprílmánaðar 1970.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 4. apríl 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.